

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14.01. 2019

Umsögn um Þingskjal 631 - 443. mál: Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Höfundar þessarar umsagnar störfuðu í orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands á árunum 1978 til 2013. Þá hefur einn okkar starfað í orðanefnd Stjarnvísindafélags Íslands frá 1990 og annar starfaði í orðanefnd á vegum Líftölfræðifélagsins og Aðgerðarannsóknafélags Íslands á árunum 1987 til 1990. Þessi umsögn fjallar því um orðanefndir og störf þeirra.

Í fyrsta kafla þingsályktunartillögunnar, *Helstu markmið*, segir m.a.: “Íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins.“ Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að efla orðaforða íslenskunnar á ýmsum sviðum. Í öðrum kafla, *Aðgerðaáætlun 2019-2022*, er grein um opið aðgengi almennings að orðasöfnum og önnur grein um orðanefndir. Ekkert af þessu mun koma til framkvæmda nema því fylgi skipulag og fjármagn.

Fljótlega eftir stofnun Skýrslutæknifélags Íslands var hafist handa um að safna íslenskum orðum um tölvur og gagnavinnslu og þýða erlend orð. Í þessu skyni var stofnuð orðanefnd á vegum félagsins árið 1968. Árið 1974 gaf nefndin út sem handrit tölvuprentaðan orðalista, *Skrá yfir orð og hugtök varðandi gagnavinnslu*, en nefndin hafði áður sent frá sér stutta óformlega orðaskrá.

Á tímabilinu frá 1978 til 2013 störfuðu í nefndinni þau Baldur Jónsson, Sigrún Helgadóttir (formaður), Þorsteinn Sæmundsson og Örn Kaldalóns. Þessi samstarfshópur tók saman efni í fjórar útgáfur *Tölvuorðasafns*. Fyrsta útgáfan var gefin út 1983 og hafði að geyma rösklega 700 hugtök með tæplega 1000 íslenskum heitum og rösklega 1000 enskum heitum. Engar skilgreiningar eða skýringar fylgdu hugtökunum. Fjórða útgáfan var gefin út 2005. Þá voru hugtökin orðin um 6500 og þeim fylgdu um 7700 íslensk heiti og um 8500 ensk heiti. Skilgreiningar og skýringar fylgdu eins og áður flestum hugtökum. Ritstjóri var Stefán Briem. Fimmta útgáfa Tölvuorðasafns birtist vorið 2013. Sú útgáfa er rafræn og aðgengileg til leitar á vefsetrinu <http://tos.sky.is/>. Þar má finna frekari upplýsingar um orðanefndina og útgáfur Tölvuorðasafnsins.

Orðanefnd Stjarnvísindafélags Íslands var stofnuð í desember 1990. Nefndarmenn hafa lengst af verið þrír, en fleiri félagsmenn hafa tekið þátt í starfinu. Árið 1996 gaf nefndin út Orðaskrá úr stjörnufræði. Síðan hafa viðbætur við skrána birst á vefsíðu Almanaks Háskólans (<http://almanak.hi.is/stjornuord.html>)

Orðanefnd á vegum Líftölfræðifélagsins og Aðgerðarannsóknafélags Íslands var stofnuð árið 1987. Nefndarmenn voru fjórir og undirbjuggu til útgáfu Lítið orðasafn úr tölfræði 1988 og Orðasafn úr tölfræði 1990.

Það er reynsla okkar af orðanefndarstarfi að miklu máli skipti að nefndirnar hafi starfsmann sem vinnur á milli funda, undirbýr efni fyrir fundina og býr efnið til útgáfu eða annarrar dreifingar. Á vegum stjórnar Skýrslutæknifélagsins var aflað fjár til þess að greiða kostnað við ritstjórn orðasafnsins eftir fyrstu útgáfu. Styrkir fengust frá Lýðveldissjóði, Málræktarsjóði, Ráðgjafanefnd um upplýsinga- og tölvumál, menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og einnig frá fyrirtækjum og stofnunum. Lista yfir styrkveitendur má finna á vefsetrinu. Menn geta ímyndað sér hversu mikil vinna liggur í að afla allra þessara styrkja. Mjög fáar orðanefndir hafa bakhjarla sem geta ráðist í það verkefni. Eini sjóðurinn sem hefur það verkefni að styðja orðanefndarstarf er Málræktarsjóður sem hefur haft mjög lítið fjármagn til úthlutunar.

Höfundar umsagnarinnar styðja framkomna þingsályktunartillögu en leggja höfuðáherslu á nauðsyn þess að tillögunni fylgi skipulag og fjármagn til þess að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd.

Sigrún Helgadóttir (kt. 110545-2319. s: 864 7575)

Þorsteinn Sæmundsson

Örn S. Kaldalóns